

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Proskahjálpar í Vestmannaeyjum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. júlí 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Proskahjálpar í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Nafn sjóðsins er minningarsjóður Proskahjálpar í Vestmannaeyjum. Stofnfé sjóðsins er kr. 200 000,00. Heimili minningarsjóðsins er í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að auka menntun og hæfni starfsmanna þjónustumiðstöðvar Proskahjálpar í Vestmannaeyjum með því að veita þeim styrki til náms og eða framhaldsnáms. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki og skulu þær hengdar upp innan stofnunarinnar. Sjóðsstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum að eigin mati, en heimilt er stjórninni að fella niður styrkveitingu einstök ár.

3. gr.

Höfuðstól minningarsjóðsins má aldrei skerða. Sjóðsstjórninni er heimilt að úthluta styrkjum skv. 2. gr. sem svarar til $\frac{2}{3}$ hluta ávöxtunarfjár, en $\frac{1}{3}$ hluti leggjast við höfuðstólinn. Breyta má þessum hlutföllum, ef meirihluti sjóðsstjórnar telur að sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

4. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans svo og þær gjafir, framlög og aðrar tekjur sem honum kunna að berast frá einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóðsstjórnin skal ávaxta eignir hans í lánastofnun með sem hagstæðustu kjörum, eða á annan jafntryggan hátt.

5. gr.

Minningarsjóðnum stjórnar 3ja manna sjóðsstjórn. Stjórnin skal skipuð formanni og gjaldkera Proskahjálpar í Vestmannaeyjum og svo einum stjórnarmanni kjörnum á aðalfundi Proskahjálpar í Vestmannaeyjum. Stjórn sjóðsins kemur saman þegar þörf krefur. Ákvarðanir sjóðsstjórnar eru bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef meirihluti stjórnarmanna er sammála um þær.

6. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sjóðsins innir af hendi allar greiðslur af hálfu sjóðsins. Hann gengur frá reikningi hans innan tveggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs og skal reikningurinn endurskodaður af kjörnum endurskodendum Proskahjálpar í Vestmannaeyjum.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna, enda liggi fyrir einróma samþykki stjórnar og slík breyting er samþykkt á aðalfundi Proskahjálpar í Vestmannaeyjum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.